

Til allsherjarnefndar Alþingis

Reykjavík, 20. nóvember 2002

**Umsagnir laganeftndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til barnalaga, 180. mál, heildarlög, 44. mál, faðernismái og 31. mál, sameiginleg forsjá barns**

Allsherjarnefnd hefur óskað eftir umsögn LMFÍ um ofangreind frumvörp. Laganeftnd félagsins lætur hér með í té eftirfarandi umsagnir.

Fyrst verður fjallað um frumvarp til barnalaga, 180. mál, heildarlög.

Laganeftnd telur frumvarið í meginatriðum vel unnið og að málsmeðferðarreglur þess horfi til bóta frá núgildandi skipan. Laganeftnd lét sifjalaganeftnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í té umsögn þann 16. janúar 2002. Laganeftnd vill ítreka athugasemdir sínar við tvö atriði sem í umsögn til sifjalaganeftndar var gerð athugasemd við, en eru enn í frumvarpinu.

Laganeftnd leggst alfarið gegn þeirri hugmynd sem fram kemur í 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins, þar sem fyrirhugað er að binda mat dómara við forsjárákvörðun að því er varðar eitt tiltekið atriði. Í frumvarpsgreininni stendur: "skal m.a. líta til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns síns, hefur verið tálmuð umgengni við barnið". Þetta atriði er eitt af mörgum sem hingað til hefur verið talið að á reyndi og kæmi til skoðunar við ákvörðun um forsjá, samanber frumvarp til núgildandi barnalaga og athugasemdir með 34. gr. þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt frumvarpinu er ekki ætlunin að lögbinda beinlínis nein önnur sjónarmið við forsjámat. Almenn grundvallarregla er að forsjá skuli ákvörðuð eftir því sem barni er fyrir bestu. Reynslan hefur sýnt að dómstólum er vel treystandi fyrir þessu mati, enda er nú ætlunin að færa úrlausn ágreinings um forsjá alfarið til dómstóla. Engin gild rök eru fyrir því að binda mat dómara við þetta eina atriði, heldur á það að mati laganeftndar LMFÍ, eins og önnur atriði er hafa áhrif á mat á því hvað barni er fyrir bestu, að vera háð mati dómara í hvert sinn. Nefna má einnig að það er alls ekki víst að það sé alltaf barni fyrir bestu að foreldri hafi ekki tálmað umgengni, þ.e. þegar umgengni færi beinlínis gegn hagsmunum barns. Laganeftnd telur heldur ekki að ákvæði sem þetta, sem virðist ætlað að koma í veg fyrir að foreldri hindri með ólögumætum hætti eðlileg tengsl og umgengni barns við hitt foreldrið, hafi tilætluð áhrif. Laganeftnd leggur því eindregið til að fallið verði frá þessu fyrirhugaða nýmæli í 3. mgr. 34. gr.

Í annan stað írekar laganeftnd LMFÍ athugasemdir sínar í áðurnefndri umsögn til sifjalaganeftndar við ákvæði sem eru í 3. mgr. 8. gr. og í 3. mgr. 36. gr. frumvarpsins þess

efnis að ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að skulu ganga framar ákvæðum frumvarpsins um viðkomandi efni. Um er að ræða opin eyðuákvæði um framsal löggjafarvalds samvæmt 2. gr. stjórnarskrár. Ákvæðin eru vissulega í aðalatriðum hliðstæð ákvæðum í 2. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 56. gr. nógildandi barnalaga. Í frumvarpinu er hins vegar ekki að finna neina umfjöllun um það af hverju ástæða þykir til að hafa þessi óvenjulegu ákvæði. eru þessi opnu eyðuákvæði eins og lagt er til í frumvarpinu að þau verði ekki mjög skýr og virðast geta gefið tilefni til ágreinings. Er lagt til að sérstök athugun fari fram á því hvort ástæða sé til þessa framsals löggjafarvalds og umræða fari a.m.k. fram um það, áður en það yrði samþykkt á Alþingi.

Um 31. mál, frumvarp til barnalaga, sameiginleg forsjá barns, vill laganefnd LMFÍ segja að hún telur þau rök sannfærandi sem fram eru færð í athugasemdum með frumvarpi til heildarlaga gegn því að taka upp sameiginlega forsjá sem meginreglu. Laganefnd leggst því gegn frumvarpinu.

Laganefnd telur að í frumvarpi til barnalaga, 180. mál, sem um er fjallað hér að framan, hafi verið tekið tillit til þeirra hugmynda sem fram koma í frumvarpi til barnalaga, 44. mál, faðernismál. Óþarft er því að fjalla um efnisatriði síðastnefnda frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. laganefndar LMFÍ

---

Jakob R. Möller